



Reglur um starfsstyrk bæjarlistamanns Akraness

1. Starfsstyrkur bæjarlistamanns Akraneskaupstaðar er veittur einu sinni á hverju ári.
2. Starfsstyrknum skal úthlutað þann 17. júní.
3. Menningarmálanefnd gerir tillögu um bæjarlistamann til bæjarstjórnar og skal hún afgreidd í byrjun júní frá nefndinni.
4. Hægt er að veita einstaklingi eða hópi starfsstyrkinn.
5. Einstaklingur eða hópur getur fengið starfsstyrkinn oftar en einu sinni, en þó skulu aldrei líða færri en fimm ár á milli þess sem sami aðili fær starfsstyrkinn.
6. Starfsstyrkurinn skal vera krónur 500.000 – og skal upphæðin taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðlags með grunnvísitölu í apríl 2013, sem er 411,5 stig. Styrkurinn sé innan heimilda fjárhagsáætlunar Menningarmálanefndar hvers árs.
7. Bæjarlistamaður skal undir lok tímabils hans sem bæjarlistamaður, kynna fyrir bæjarbúum það verkefni sem hann hefur unnið að, ýmist með tónleikum, sýningum eða öðrum þeim hætti sem hæfir listgrein bæjarlistamanns á hverjum tíma.
8. Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita starfsstyrkinn til aðila sem ekki á lögheimili á Akranesi, enda tengist hann bæjarféluginu með einhverjum hætti.

Pannig samþykkt á fundi bæjarráðs Akraness 29. maí 2013

og staðfest á fundi bæjarstjórnar Akraness 11. júní 2013.

Akranesi 11. júní 2013

Regína Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri